

Rafstöðvarvegur 4, Toppstöðin

Sala



Rafstöðvarvegur 4, Toppstöðin, sala


Óskað er eftir heimild til að hefja sölufjerli á eign Reykjavíkurborgar að Rafstöðvarvegi 4, Reykjavík, svonefnd Toppstöð.

Greinargerð

Landsvirkjun afsalaði til Reykjavíkurborgar lóð nr. 4 við Rafstöðvarveg sem er talin vera um 7.770 m² að stærð ásamt varastöð Landsvirkjunar (Toppstöðin) sem er talin vera um 6.483 m² að stærð, þann 15. febrúar 2008. Gildandi fasteignamat fyrir árið 2024 er kr. 774.050.000,-

Á þeim tíma frá því að eigninni var afsalað til Reykjavíkur hafa ýmsar hugmyndir að notkun rafstöðvarinnar komið fram, s.s. hugmynd að kvikmyndaveri, nýsköpunarsetri og miðstöð fyrir jaðarípróttir.

Borgarráð samþykkti árið 2016 stefnu um þróun Elliðaárdals undir heitinu „Sjálfbær Elliðaárdalur“. Þar var horfið frá hugmyndum um niðurrif hússins og þess í stað lagt til að leitað yrði eftir samstarfsaðilum.



Rafstöðvarvegur 4, Toppstöðin, sala

Þann 17. ágúst 2017 samþykkti borgarráð að auglýsa eftir samstarfsaðila um þróun og uppbyggingu Toppstöðvarinnar undir jaðaríþróttir.

Búið er að auglýsa þrisvar, síðast árið 2022 og hafa verið viðræður í gangi við áhugasama aðila sem ekki hafa skilað niðurstöðu. Talið er fullreynt, skv. framansögðu, að óska eftir samstarfsaðilum um Toppstöðina. Því er óskað eftir heimild til að auglýsa eftir áhugasömum aðilum til að kaupa eignina.

Með hliðsjón af sögulegu mikilvægi hússins og staðsetningar er lagt til að í stað beinnar sölu verði haldin samkeppni þar sem kaupverð mun hafa 75% vægi en matsblað þar sem umsóknir verða metnar eftir ákveðnum þáttum eins og hugmyndafræði, tengsla við Elliðaárdalinn, hönnun og samráð við nærumhverfi og horft til þeirrar starfsemi sem viðkomandi hyggst vera með í húsnæðinu sem mun hafa 25% vægi.

Slóð á sölusíðu <https://reykjavik.is/auglysingar/toppstodin-til-solu-einstok-eign-i-hjarta-ellidaardalsins>

